




LÆKJARTÚN 2 Í ÁSAHREPPI

Deiliskipulag fyrir tengivirki

09.08.2019



Skjalalykill

2509-451

Verkefnisstjóri EFLA

Gísli Gíslason

Titill skýrslu

Lækjartún 2 í Ásahreppi

Höfundur

Ingibjörg Sveinsdóttir, Guðrún Lára Sveinsdóttir

Samþykktir

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Ásahrepps þann _____

f.h. Ásahrepps

Lýsing deiliskipulags var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	5
1.1	Kortagrunnar	5
1.2	Skipulagsgögn	5
1.3	Fornminjar	5
2	FORSENDUR	5
2.1	Aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022	6
2.2	Landsskipulagsstefna 2015-2026	6
3	SKIPULAGSSKILMÁLAR	6
3.1	Lóð	6
3.2	Byggingar	6
3.3	Aðkoma og bílastæði	6
3.4	Veitur og sorp	7
3.5	Regnvatn	7
4	ALMENNIR BYGGINGARSKILMÁLAR	7
4.1	Hönnun og uppdrættir	7
4.2	Mæliblöð	7
4.3	Frágangur lóðar og umgengni	7
5	UMHVERFISSKÝRSLA	8
5.1	Skilgreining á umhverfisáhrifum	8
5.1.1	Matsspurningar og viðmið	9
5.2	Valkostir	9
5.2.1	Samanburður valkosta	9
5.3	Niðurstaða	10

1 INNGANGUR

Deiliskipulagið nær til landspildu í landi Lækjartúns 2 (landnr. 215415) í Ásahreppi, skammt austan Þjórsár. Í deiliskipulaginu er afmörkuð lóð, byggingarreitur og aðkomuvegur að fyrirhuguðu tengivirki. Deiliskipulagið er í samræmi við breytingu á Aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022, sem er í ferli, en þar er svæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði, I7. Skipulagssvæðið er um hektari að stærð.

Deiliskipulagið er unnið í samráði við landeiganda.

1.1 Kortagrunnar

Skipulagsuppdráttur er teiknaður eftir loftmyndum og hæðarlínum frá EFLU verkfræðistofu. Hnitakerfi er í ISN93.

1.2 Skipulagsgögn

- Deiliskipulagsuppdráttur í mælikvarða 1:2.000.
- Skýringaruppdráttur í mælikvarða 1:4.000.
- Afstöðumynd í mælikvarða 1:50.000 sem er hluti af Aðalskipulagi Ásahrepps 2010 – 2022, með síðari breytingum.
- Greinargerð þessi með forsendum og skipulagsskilmálum.

1.3 Fornminjar

Aðalskráningu fornminja er lokið í Ásahreppi. Engar þekktar fornminjar eru innan skipulagssvæðisins.

2 FORSENDUR

Tengivirkið verður byggt austan í svokallaðri Lónsheiði, landið hallar til austurs og suðausturs, er gróið mólendi og nýtt til beitar. Samkvæmt vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar er landið flokkað sem mólendi og graslendi. Engar þekktar jarðmyndanir sem njóta verndar eru innan svæðisins eða í nágrenni þess.

Forsenda fyrir byggingu tengivirkisins er að nauðsynlegt er að styrkja raforkuflutningskerfið austan Þjórsár og í Vestmannaeyjum þar sem raforkupörf á svæðinu hefur aukist á síðustu árum. Núverandi háspennulína frá tengivirki við Hellu að tengivirki við Selfoss er 66 kV loftlína sem tekin var í notkun árið 1947 og hana þarf að endurnýja.

Fyrirhugað tengivirki er við Búrfellslínu 2, 220 kV. Í tengivirkinu verður raforku frá Búrfellslínu 2 miðlað í Lækjartúnslínu 2. Gert er ráð fyrir að Lækjartúnslínu 2 verði allt að 132 kV. Líkleg lega Lækjartúnslínu 2, að og frá tengivirkinu, er sýnd til skýringar á deiliskipulagsuppdrætti.

Möguleg ásynd mannvirkja frá Suðurlandsvegi er sýnd á deiliskipulagsuppdrætti.

2.1 Aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022

Í aðalskipulaginu segir að unnið verði að uppbyggingu iðnaðarsvæða til að renna styrkari stoðum undir byggð á svæðinu. Einnig er gert ráð fyrir að öll byggð njóti raftengingar á sem hagstæðustu verði.

Samhliða vinnslu deiliskipulagstillögu er gerð breyting á aðalskipulagi þar sem sett verður inn iðnaðarsvæði fyrir tengivirkið og gert ráð fyrir Lækjartúnslínu 2.

2.2 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Í Landsskipulagsstefnu, kafla 2.2. um Umhverfis og menningargæði segir: „Skipulagsáætlanir sveitarfélaga marki stefnu um gæði og yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýli. Skipulagsákvæðanir um staðsetningu og hönnun nýrra mannvirkja í dreifbýli taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu“.

Skipulag gefi kost á að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Jafnframt gefi skipulag kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja raforku sem tryggi örugga afhendingu raforku. Mannvirki vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun.

3 SKIPULAGSSKILMÁLAR

3.1 Lóð

Afmörkuð er 7931,4 m² lóð sem kallast Lóð 1. Lóðin verður afgirt. Til að draga úr sýnileika mannvirkja er kvöð um trjágróður/skjólbelti á suður og austurhlið lóðarinnar.

3.2 Byggingar

Innan byggingarreits er heimilt að byggja allt að 500 m² tengivirkishús og setja upp spennabúnað. Hæð tengivirkisbyggingar getur verið allt að 8,0 m m.v. gólfkóta. Spennabúnaður verður afgirtur með veðurhlíf. Innan lóðar verður bætt við mastri á Búrfellslínu 2, til að tengja línuna við tengivirkið og Lækjartúnslínu 2.

Staðsetning byggingar og spennabúnaðar er frjáls innan byggingareits og einungis sýnd möguleg staðsetning á deiliskipulagsupprætti. Reynt skal að aðlaga mannvirki sem best að landi og vanda hönnun og frágang byggingar, bílastæða og lóðar. Forðast skal áberandi útilýsingu og ljósi beint niður.

3.3 Aðkoma og bílastæði

Aðkoma er af Suðurlandsvegi (nr. 1) skammt austan Kálfholtssvegar. Núverandi vegtenging til norðurs verður færð nokkrum metrum til austurs og nýttist bæði sem aðkoma að tengivirkinu og landbúnaðarlandi norðan Suðurlandsvegar. Vegir, slóðar og bílastæði eru sýnd á uppdráttum. Kvöð er á Lækjartúni 2 um aðkomu að tengivirkinu, eins og hún er sýnd á uppdrætti eða aðra sambærilega.

3.4 Veitur og sorp

Byggingin verður tengd dreifikerfi raforku, vatnsveitu Ásahrepps og Rangárbings ytra og hitaveitu frá Veitum. Frárennsli verður leitt í hreinsivirki og verður frágangur í samræmi við reglugerð um fráveitur nr. 798/1999. Tryggt verður gott aðgengi til tæmingar. Lagnir skulu fylgja vegum eftir því sem við verður komið.

Sorphirða fer eftir reglum sveitarfélagsins hverju sinni.

3.5 Regnvatn

Bent er á þann möguleika að regnvatni af þökum og hörðu yfirborði, verði miðlað í jarðveg í stað fráveitukerfis. Koma má fyrir malarpúðum undir yfirborði lóðar sem getur tekið við yfirborðsvatni í rigningum og leysingum þannig að yfirborðsvatn seytli smám saman út í jarðveginn og niður í grunnvatnið. Notast má við hefðbundnar þakvatnslagnir við að beina vatninu að malarfyllingunni.

4 ALMENNIR BYGGINGARSKILMÁLAR

4.1 Hönnun og uppdrættir

Húsagerðir eru frjálstar að öðru leyti en því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um. Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum og fyrirkomulag bygginga á lóðinni.

4.2 Mæliblöð

Á mæliblöðum skal sýna stærð lóðar, lóðamörk, byggingareit og fjölda bílastæða. Þá skal sýna skipulag og frágang lóðar og lóðamarka.

4.3 Frágangur lóðar og umgengni

Ljúka skal lóðarframkvæmdum innan árs frá því húsbyggingu er lokið. Óheimilt er að láta lausamuni standa til langframa á lóð. Lóðarhafi skal ávallt huga að lóð sinni og halda henni sem snyrtilegastri svo engin hætta stafi af búnaði og munum innan hennar né sé öðrum til ama.

5 UMHVERFISSKÝRSLA

Við gerð deiliskipulags skal, skv. gr. 5.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, hljóðvist, loftgæði, hagkvæmni, veðurfar, varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til. Matið felst í verklagi sem beitt er til að stuðla að umhverfisvernd og sjálfbærri þróun við gerð áætlana og draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda, skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Umhverfismat áætlana felur í sér mat á umhverfisáhrifum þeirrar stefnu sem sett er fram. Einn liður í slíku mati er samanburður á líklegum áhrifum mismunandi valkosta. Gerð er grein fyrir matinu og niðurstöðum þess.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, liður 10.21 og 13.02 í 1. viðauka laganna. Úrskurður Skipulagsstofnunar er dagsettur 10. apríl 2019. Niðurstaða stofnunarinnar er að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

5.1 Skilgreining á umhverfisáhrifum

Við mat á umhverfisáhrifum er notast við þá skilgreiningu á vægi áhrifa sem koma fram í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi. Þar eru umhverfisáhrif skilgreind sem: „Samheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, eignir, menningararfleifð, þ.m.t. byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, og landslag og samspil þessara þátta“. Þegar breytingar verða á umhverfinu af mannavöldum er talað um umhverfisáhrif.

Skilgreining á vægi umhverfisáhrifa er sett fram til að hægt sé að leggja mat á umhverfisáhrif stefnunnar. Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana segir; „Vægi umhverfisáhrifa fer almennt eftir eðli, gerð, umfangi, tíðni og tímalengd breytinganna sem eru fyrirséðar á umhverfinu. Einnig eftir því hversu miklar líkur eru á áhrifunum og hvort áhrifin eru talin afturkræf“¹. Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu á svæðis- eða landsvísu og nái til fjölda fólks og þess hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma. Áhrifin eru metin skv. eftirfarandi töflu:

TAFLA 1. Skilgreiningar fyrir áhrif á umhverfisþætti.

SKILGREININGAR	
Stefnan hefur jákvæð áhrif.	+
Stefnan hefur óveruleg áhrif.	<>
Stefnan hefur neikvæð áhrif.	-
Stefnan hefur óviss áhrif.	?
Stefnan hefur engin áhrif.	0

¹ (Skipulagsstofnun 2007).

5.1.1 Matsspurningar og viðmið

Stefna deiliskipulagsins og líkleg áhrif hennar verða metin út frá þáttum í eftirfarandi töflu:

TAFLA 2. Umhverfisþættir, helstu matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Jarðmyndanir	Hefur skipulagið áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61. gr. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Gróður og dýralíf	Hefur skipulagið áhrif á gróður og dýralíf?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61 og 62. gr.
Ásýnd og landslag	Hefur skipulagið áhrif á ásýnd svæða? Hefur skipulagið áhrif á landslag?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 69. gr. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Samfélag	Hefur skipulagið áhrif á atvinnu í sveitarfélaginu? Hefur skipulagið áhrif á landnýtingu. Hefur skipulagið áhrif á afhendingaröryggi raforku?	Velferð til framtíðar – Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefna um landnotkun í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Minjar / Vernd	Hefur skipulagið áhrif á fornminjar? Hefur skipulagið áhrif á náttúruminjar eða verndarsvæði?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 69. gr. Lög nr. 80/2012 um menningarminjar. Fornleifaskráning. Landsskipulagsstefna 2015-2026.

5.2 Valkostir

Í umhverfismati áætlana ber að fjalla um svokallaðan núll-kost og bera stefnu skipulagsins saman við hann, eftir því sem við á. Núll kostur „felur í sér lýsingu á ástandi umhverfisins, eins og búast má við að það þróist ef ekki kemur til framfylgdar áætlunarinnar. Í einhverjum tilfellum getur samanburður við núll-kostinn falist í samanburði við framfylgd gildandi áætlunar²“.

5.2.1 Samanburður valkosta

Bornir eru saman þeir valkostir sem fjallað er um hér að aftan og lagt mat á hvort áhrifin séu talin jákvæð, óveruleg, neikvæð eða óviss.

Eftirfarandi valkostir eru bornir saman:

- Bygging tengivirkis.
- Núll kostur - Ekki verður byggt tengivirki.

² (Skipulagsstofnun 2007).

Bygging tengivirkis

Engar þekktar jarðmyndanir eru innan skipulagssvæðisins.

Tengivirkið og vegur að því raskar beitolandi. Landið er mólendi og graslendi. Vegna halla er svæðið ekki hentugt til ræktunar og því spillist ekki úrvals ræktunarland vegna framkvæmdanna. Ekki er talið að framkvæmdin hafi áhrif á dýralíf. Áhrifin eru metin neikvæð á gróður og engin á dýralíf. Tengivirkið verður byggt skammt frá Suðurlandsvegi og hallar landið til austurs og suðausturs. Mannvirki verða vel sýnileg frá Suðurlandsvegi, en áhrifin eru staðbundin. Áhrif á ásjón og landslag eru metin neikvæð. Bygging tengivirkis er atvinnuskapandi meðan á framkvæmdinni stendur en hefur að öðru leyti lítil áhrif á atvinnutækifæri. Lóð tengivirkisins er lítil og hefur því óveruleg áhrif á landnýtingu. Tengivirkið kemur til með að bæta afhendingaröryggi raforku á Suðurlandi. Áhrif á samfélag eru metin jákvæð. Byggingin er ekki talin hafa áhrif á minjar eða verndarsvæði.

Núll kostur

Ef ekki verður byggt tengivirki hefur það engin áhrif á jarðmyndanir, gróður og dýralíf, né ásjón og landslag. Skapar engin atvinnutækifæri og leita þarf annarra leiða til að bæta afhendingaröryggi raforku. Áhrif á samfélag eru metin neikvæð. Engin áhrif á minjar og verndarsvæði.

5.3 Niðurstaða

TAFLA 3. Niðurstaða mats.

TENGIVIRKI	JARÐMYNDANIR	GRÓÐUR OG DÝRALÍF		ÁSÝND OG LANDSLAG	SAMFÉLAG	MINJAR/VERND
Bygging tengivirkis	0	-	0	-	+	0
Núll kostur	0	0		0	-	0

Fyrirhuguð er bygging tengivirkis skammt frá Suðurlandsvegi og helstu áhrif af því verða breytt ásjón með tilkomu nýs mannvirkis. Áhrifin eru þó staðbundin. Tengivirkið verður einkum sýnilegt þeim sem aka Suðurlandsveg til vesturs. Til að draga úr sýnileika er gert ráð fyrir trjágróðri á sunnan- og austanverðri lóðinni og að mannvirki verði felld að landi eftir því sem hægt er. Svæðið er í nokkrum halla og því ekki hentugt til túnæktunar og því spillir fyrirhuguð framkvæmd ekki úrvals ræktunarlandi. Stór kostur við framkvæmdina er að hún bætir afhendingaröryggi raforku á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum.